

Leiklist 6. bekkur 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Kennsla í leiklist byggir á samskiptaæfningum þar sem nemendur fara ýmist eftir handriti eða leika af fingrum fram. Í lok hverar lotu er sett upp leiksýning. Í hverjum tíma er tekið fyrir eitt lag.

Kennt er í lotu3x í viku í 7 vikur.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Hver hópur fær 20/21 skipti (ca. 7 vikur, 240 mínútur á viku)	Samskiptaæfingar – stutt atriði leikin eftir handriti.	Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undir- búning og sköpun leikþáttar.
	Stutt atriði leikin af fingrum fram.	Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
	Eitt yfirgrípandi þema/minni leikþáttur sem lýkur með sýningu í lok lotu.	Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.
	Tónlist: Eitt lag ásamt texta er tekið fyrir í hverjum tíma.	Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur. Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.

Grunnþættir menntunar

Aðallega er unnið með sköpun þar sem nemendur fá tækifæri til að sýna styrkleika sýna og sköpunarkraft með því að uppgötva, njóta, virkja ímyndunaraflíð og leika sér með möguleika.

Námsmat

Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á metanlegum hæfniviðmiðum sem valin hafa verið, ásamt því sem horft er til virkni, samvinnu og sjálfstæðis.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti Virðing er leiðarljós í samskiptum.

Skyldur nemenda Að taka verkefnið alvarlega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og trúðmennsku, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð, að virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Skyldur kennara Að taka verkefnið alvarlega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og trúðmennsku, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð og virða nemendur.

Sel - Leiklist 6. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - Leiklist 6. bekkur - Leiklist

- Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undir- búning og sköpun leikþáttar.
- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.
- Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.